

Stjórnskipunar og eftirlitsnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Fossatúni 20. mars 2017

Erindi vegna laga nr. 50/2015 sem voru viðbrögð við Hæstaréttardómi í máli 676/2013.

Þann 18. apríl 2016 sendi ég stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis erindi sem laut að undirbúningi nýsköpunar- og atvinnuvegaráðuneytis á lögum nr. 50/2015. Með umræddri lagabreytingu var hlutverk veiðifélaga víkkað út á þá vegu að slíkum félögum er nú heimilað að nýta eignir veiðifélags og ráðstafa þeim með sem arðbærustum hætti fyrir félagsmenn utan veiðitíma og þá til skyldrar starfsemi.

Svar barst frá formanni 19.10. 2016 þar sem kemur fram að nefndin telji það ekki falla undir starfssvið sitt að fjalla um efnislegt álit á undirbúningi lagasetninga. Erindið var framsent atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu til upplýsingar og jafnframt vísað til að hægt væri að leita til umboðsmanns Alþingis. Í framhaldi sendi ég ráðuneytinu bréf og fór fram á að fá svar við spurningum sem vörðuðu forsendur ákvörðunartöku og undirbúnings laganna hjá ráðuneytinu. Svar barst dags. 30.11.2016 og þar segir að í athugasemdum með frumvarpi laga nr. 50/2015 komi fram aðdragandi og ástæður þess að frumvarpið var lagt fram og að ráðuneytið hyggist ekki fjalla um þau álitaefni eða leggja mat á þær aðstæður sem tilgreindar eru í bréfi mínu. Vísað er á umboðsmann Alþingis.

Ég fór fram á það við umboðsmann Alþingis að hann legði mér lið við að fá svar frá ráðuneytinu. Í svari umboðsmanns kemur fram að þrátt fyrir skýr ákvæði þess að hann sé réttargæslumaður borgara gagnvart stjórn-sýslunni og að meginregla stjórn-sýslulaga, upplýsingalaga og siðareglna sé sú að svara beiðnum eða ábendingum, þá treysti hann sér ekki til að beita sér í þessu máli. Nefnir hann tvíþætt eðli starfa ráðherra, þ.e. mörkin milli hins stjórn-málalega starfs hans og ráðuneytis. Sem þýði að ráðherra leyfist í raun að gera mistök eða vanda ekki til verka. Vörnin gegn slíku t.d. þegar kemur að lagasetningu sé hins vegar hjá Alþingi. Störf Alþingis og stjórn-sýsla í þágu Alþingis sé háð eftirliti þingforseta samkvæmt lögum um þingsköp Alþingis. Það sé ekki í verkahring umboðsmanns að láta í ljós

álit sitt á störfum Alþingis, þ.m.t. hvernig til hefur tekist um efni þeirra ákvarðana sem Alþingi tekur í formi laga og annarra ályktana og einnig utan starfssviðs hans að hafa eftirlit með störfum nefnda á vegum Alþingis. Þannig gæti umboðsmaður ekki tekið á þessu máli sem óhjákvæmilega snerti svið sem væru utan starfssviðs hans. Hann sagðist hinsvegar hafa kynnt sér efni frumvarpsins og athugasemdir mínar og sitt persónulega álit væri að um meiriháttar en ekki minniháttar breytingu væri að ræða á lögnum, sem samræmdist ekki 1. grein laga um lax- og silungsveiði og þeirri undanþágu frá stjórnarskrárbundnu félagafrelsi sem er forsenda skylduaðildar að veiðifélögum.

Eins og fram kemur í erindi mínu til stjórnлага- og eftirlitsnefndar frá því fyrir ári og bréfi mínu til nýsköpunar- og atvinnuvegaráðuneytisins frá því í október, eru leidd sterk rök fyrir því að vanda hefði þurft betur til verka við gerð lagafrumvarpsins. Þó er alvarlegra að atvinnuveganefnd Alþingis hafi yfirsétt að kanna með víðtækari hætti forsendur lagagerðarinnar t.d. með því að kalla ekki fyrir fulltrúa þess aðila sem vann málið fyrir Hæstarétti heldur einungis þess sem tapaði. Í sumum tilfellum eru fullyrðingar og forsendur alrangar. Má þar t.d. nefna áhrif á ríkissjóð sem eru sögð engin, en geta orðið veruleg. Skýrsla Laganefndar Háskólans um þetta mál er bæði gallað og gamalt gagn unnin fyrir Landsamband veiðifélaga í tengslum við nefndan málarekstur þar sem dæmt var á móti niðurstöðu hennar. Þá er því ítrekað haldið fram að mál okkar ábúenda í Fossatúni á hendur Veiðfélags Grímsár og Tunguár hafi ekki fjallað um skylduaðlid. Það er beinlínis rangt. Forsenda þess að við fórum í málið var sú að við töldum það stangast á við stjórnarskrárbundið hlutverk veiðifélaga að stunda markaðslega samkeppni - til fjárhagslegs tjóns en ekki arðbærni fyrir okkur, læst inni í félaginu vegna skylduaðildar.

Í mars 2016 þegar okkur var ljóst að umrædd lög höfðu tekið gildi, þá hafði ég samband við alla þingflokksformenn og spurði hvort möguleiki væri á að ræða við þá um endurskoðun umrædds frumvarps. Enginn svör bárust utan hálfsvars frá Pírötum. Ég hafði einnig samband við Jón Gunnarsson, þáverandi formann atvinnuveganefndar og spurði hann hvort hann væri tilbúinn til þess að endurskoða afstöðu sína. Hann svaraði og sagði:

„Sá ágreiningur sem þú vitnar til var til umfjöllunar í nefndinni við málsmeðferð hennar á þessu máli og við fengum m.a. Gauk Jörundsson (!) á okkar fund. Eins og

Þú sérð á nefndaráliti okkar þá ritar öll nefndin undir þá niðurstöðu sem við komumst að. Það var m.ö.o. þverpólitískur stuðningur við þessa niðurstöðu.”

Það er hægt að fyrirgefa Jóni Gunnarssyni að fara rangt með nafn lögmanns og formanns Veiðfélags Árnesinga, sem er Jörundur Gauksson. Hins vegar er það óskiljanlegt að hann vísi til hans til stuðnings þess að nefndin hafi komist að niðurstöðunni sem hún skilaði frá sér. Jörundur Gauksson varaði eindregið við að atvinnuveganefnd samþykkti lagabreytinguna, sagði skírt og skorinort í skriflegri umsögn og svo á fundi með nefndinni að hann teldi að umrædd breyting eyðilegði í forsendur skylduaðildar að veiðifélögum og þar sem almennur rekstur gæti ekki verið stjórnarskrárbundið hlutverk þeirra.

Þá er það furðulegt að ekki hafi verið haft samband við Samtök ferðaþjónustunnar þegar ákveðið var að setja í lög stefnumarkandi heimild til handa veiðifélögum til að stunda samkeppnisrekstur í ferðaþjónustu. Samtökin hafa nýverið skrifað nýjum ráðherra þorgerði Katrínu Gunnarssdóttur bréf þar sem þessi lagasetning er harðlega gagnrýndi og þar segir m.a:

„Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) vilja með erindi þessu vekja athygli sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra á þeim breytingum á ákvæðum laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 og samtökin telja að orki verulega tvímælis hvað varðar starfssemi veiðifélaga og lögbundnu hlutverki slíkra félaga. Vísast hér til breytinga þeirra sem gerðar voru á 1. Mgr. 37 gr. lagann með lögum nr. 50/2015. Að mati SAF var við umrædda lagasetningu ekki að öllu leiti gætt að álitamálum hvað varðar samkeppni á markaði með gistingu er viðkemur greiðslu opinberra gjalda sem og samræmi við félgasfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar sbr. 2 mgr. 74 gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944.“

Frumvarpið var kynnt á Alþingi sem minniháttar tímabær breyting sem stuðlaði að aukinni arðsemi veiðifélaga. Ekki er annað að sjá en alþingismenn hafi reitt sig á að þverpólitísk niðurstaða atvinnuveganefndar væri hafin yfir vafa. Á sama hátt virðist atvinnuveganefnd ekki hafa talið ástæðu til að kafa ofan í forsendur athugasemda frumvarpsins frá nýsköpunar- og atvinnuvegaráðuneytinu, sem aftur tók við áliti og lagatexta þáverandi formans Landssamband veiðifélaga, gagnrýnislaust að því er virðist.

Einn alþingismaður, núverandi dómsmálaráðherra Sigríður Andersen, hafði efasemdir um lagasetninguna og sagði:

„Virðulegi forseti. Ég vil síst standa í vegi fyrir því að veiðifélög eða önnur félög hér á landi hafi arð af starfsemi sinni. Ég er hins vegar ekki sannfærð um að þessi breyting á lögum um lax- og silungsveiði eins og hún er orðuð samræmist fyllilega sjónarmiðum um skylduaðild að veiðifélögum. Eins og hún er orðuð, segi ég, og ég nefni það að þarna er gert ráð fyrir að veiðifélögum sé heimilt að ráðstafa eignum til skyldrar starfsemi. Ég tel að það þurfi að vera hafið yfir allan vafa að ráðstöfun slíks sé í fullkomnu samræmi við 1. gr. laga um lax- og silungsveiði, þ.e. í samræmi við sjálfbæra nýtingu fiskstofna í ferskvatni.“

Undirritaður fer hér með fram á að stjórnskipunar- og eftirlitnefnd Alþingis taki til umfjöllunar hvort ákveðið andvaraleysi og mistök hafi átt sér stað við setningu laga nr 50/2015 - hjá atvinnuveganefnd og afgreiðslu Alþingis. Undirrituðum er það ljóst að endanlega skera dómstólar úr um gildi laga. En ef það liggur fyrir að til undirbúings og afgreiðslu þessara laga var ekki vandað eins kröfur hljóta að vera til um, þá er rökrétt að afturkalla lögin og endurskoða út frá breiðari sjónarhorni og aukinni upplýsingum. Við ábúendur í Fossatúni höfum þegar eytt milljónum og árum í að ná fram því réttlæti sem dómur Hæstaréttar er en Alþingi ákvað að sniðganga með lagasetningu sem ekki getur talist hafin yfir allan vafa. Við sækjumst ekki eftir að taka annan slag við veiðifélagið okkar, en munum gera það tilneydd.

Ég óska eftir fundi með stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis til þess að ræða þessi mál nánar og koma frekari sjónarmiðum á framfæri.

Virðingarfyllst,

Steinar Berg Ísleifsson